

Ed.

212. Lög

um að veita ríkinu einkarjett til þess að selja allt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

1. gr.

Ríkið skal eitt hafa einkarjett til þess að selja allt það silfurberg, sem unnið er eða unnið verður á Íslandi.

2. gr.

Stjórnarráðið gerir allar ráðstafanir, sem lúta að því að neyta þessa einkarjettar og varðveita hann. Skal það semja og birta fyrirsögn um vinslu og sölu silfurbergs, með aðstoð sjerfræðings eða sjerfræðinga, og ákveða sektir og aðrar refsingar fyrir brot og óhlýðni.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.